

Ár 2008, mánudaginn 14. apríl, var fundur í kjararáði að Hverfisgötu 6a í Reykjavík haldinn af Guðrúnu Zoëga, Jónasi Þór Guðmundssyni og Rannveigu Sigurðardóttur.

Fyrir var tekið:

Að ákveða laun og starfskjör vegamálastjóra

I.

Samkvæmt 1. gr. laga nr. 47/2006 um kjararáð, sbr. 1. gr. laga nr. 168/2007 um breyting á þeim lögum, er verkefni ráðsins meðal annars að ákveða laun forstöðumanna ríkisstofnana. Kjararáð hefur ákveðið með vísan til 8. og 10. gr. laganna að taka launakjör vegamálastjóra til endurskoðunar.

II.

Með bréfum dagsettum 6. mars 2008 var samgönguráðuneyti og fjármálaráðuneyti gefinn kostur á að koma á framfæri sjónarmiðum vegna málsins. Sama dag var vegamálastjóra með bréfi gefinn umsagnarréttur. Auk þess var óskað eftir að hann gæfi upplýsingar um aukastörf og hlunnindi sem starfinu fylgdu. Fjármálaráðuneytið svaraði með bréfi dagsettu 11. mars 2008. Í bréfinu kom fram að því væri ekki kunnugt um hvaða breytingar hefðu orðið á starfsemi Vegagerðarinnar né heldur ástæðu þess að ráðið hefði ákveðið að taka launakjör vegamálastjóra til endurskoðunar og ætti því í nokkrum vandræðum með að koma sjónarmiðum sínum á framfæri. Vegamálastjóri svaraði með bréfi dagsettu 12. mars 2008. Í bréfinu segir að engin launuð auka- eða nefndarstörf fylgi starfi vegamálastjóra. Hann fái greiddan fastan aksturskostnað svo og kostnað vegna farsíma. Samkvæmt nýlegri launakönnun væru laun vegamálastjóra um 300 þúsund krónum lægri en meðaltal launa fyrir sambærileg störf. Því væri full þörf á að leiðrétta laun hans. Í bréfi samgönguráðuneytis dagsettu 10. apríl kemur fram að launakjör vegamálastjóra hafi dregist mjög aftur úr kjörum stjórnenda í sambærilegum stofnunum. Starf vegamálastjóra sé einstaklega umfangsmikið og krefjandi, stofnunin sé stór, ábyrgðin mikil og það geri miklar kröfur um þekkingu á viðfangsefninu. Þetta eigi við hvort heldur sé í fjármunum sem um stofnunina fari (30 milljarðar króna á fjárlögum 2008), starfsmannafjölda (um 400 starfsmenn víðs vegar um landið) eða í því hlutverki stofnunarinnar að sjá til þess að vegfarendur komist örugglega og greiðlega milli staða. Að lokum lagði ráðuneytið áherslu á það að laun æðstu embættismanna ríkisins væru með þeim hætti að þau standi ekki í vegi fyrir því að í þau ábyrgðarmiklu störf veljist hæfasta fólkið.

III.

Vegagerðin starfar samkvæmt vegalögum nr. 80/2007, en þau tóku gildi 1. janúar 2008. Með nýjum lögum er hlutverk Vegagerðarinnar skilgreint betur en gert var í eldri lögum, án þess þó að um róttæka breytingu á hlutverki stofnunarinnar sé að ræða. Í greinargerð með frumvarpi til vegalaga segir að réttara sé að nota orðið þróun í þessu sambandi. Segir þar jafnframt að verði frumvarpið að lögum verði hraðað þeirri þróun að þjónustu og framkvæmdaverkefni verði unnin af verktökum á almennum markaði. Einnig sé lögð meiri áhersla á umferðaröryggi og hlutverk Vegagerðarinnar við að stuðla að því. Engin breyting verði á yfirstjórn vegamála og hlutverk vegamálastjóra verði óbreytt frá gildandi lögum. Í 1. gr. laganna segir að markmið þeirra sé að setja reglur um vegi og veghald sem stuðli að greiðum og öruggum samgöngum. Í 4. gr. laganna kemur fram að samgönguráðherra fari með yfirstjórn vegamála. Vegagerðin annist þátt ríkisins samkvæmt lögnum og hafi eftirlit með framkvæmd þeirra. Til að stjórna framkvæmdum í vegamálum skipi ráðherra vegamálastjóra til fimm ára í senn og veiti hann Vegagerðinni forstöðu. Í 5. gr. laganna eru helstu verkefni Vegagerðarinnar talin upp, en þau eru: Veghald þjóðvega; aðstoð við ráðherra við mótun og framkvæmd stefnu stjórnvalda í samgöngumálum; vinna í samræmi við markmið samgönguáætlunar hverju sinni; skipting fjárveitinga til annarra vega en þjóðvega sem ætlaðir eru til almennrar umferðar og kostaðir eru af fé ríkisins, allt eftir nánari staðfestingu ráðherra; umsjón með rannsóknum og þróun á sviði vegamála; rekstur ferja og flóabáta sem koma í stað þjóðvegasambands; umsjón og eftirlit með útboðum á almenningssamgöngum sem njóta ríkisstyrkja; umsjón með leyfisskyldri starfsemi samkvæmt öðrum lögum. Þá segir að Vegagerðinni sé heimilt, með samþykki samgönguráðherra, að

stofna félag eða félög sem hafi það hlutverk að sinna framkvæmda- og þjónustuverkefnum stofnunarinnar. Ráðherra skal kveða nánar á um verkefni og verksvið Vegagerðarinnar með reglugerð.

IV.

Í 8. gr. laga um kjararáð segir, að það skuli við úrlausn mála gæta innbyrðis samræmis í starfskjörum þeim sem það ákveður, og að þau séu á hverjum tíma í samræmi við laun í þjóðfélaginu hjá þeim sem sambærilegir geta talist með tilliti til starfa og ábyrgðar. Við ákvörðun launakjara samkvæmt 4. gr. laganna skuli sérstaklega gæta samræmis milli þeirra og þeirra kjara hjá ríkinu sem greidd eru á grundvelli kjarasamninga annars vegar og ákvarðana kjararáðs samkvæmt 3. gr. hins vegar. Þá skuli kjararáð ætíð taka tillit til almennrar þróunar kjaramála á vinnumarkaði.

Kjararáð hefur ekki áður úrskurðað sérstaklega um laun vegamálastjóra. Kjaranefnd tók síðast sérstaka ákvörðun um launakjör hans 1. október 1999, en frá þeim tíma hafa laun vegamálastjóra tekið breytingum í samræmi við almenna úrskurði kjaranefndar og síðar kjararáðs. Vegagerð ríkisins er ein af stærstu stofnunum íslenska ríkisins, hvort heldur litið er til fjárhagslegra umsvifa vegna rekstrar og framkvæmda eða til fjölda starfsfólks. Samræmi við laun annarra forstöðumanna ríkisstofnana hefur raskast. Með vísan til alls framangreinds er það mat kjararáðs að tilefni sé til breytinga á launum vegamálastjóra og skulu þau vera sem segir í ákvörðunarorði.

V.

Ákvörðunarorð

Frá og með 1. janúar 2008 skulu mánaðarlaun vegamálastjóra vera samkvæmt launatöflu kjararáðs nr. 502, launaflokki 140, nú 785.930 krónur. Að auki skal greiða honum 28 einingar á mánuði fyrir alla yfirvinnu er starfinu fylgir.

Eining er 1% af launaflokki 130 í launatöflu kjararáðs nr. 502, nú 5.572 krónur. Einingar greiðast alla mánuði ársins, einnig í sumarleyfi. Af því leiðir að ekki er greitt orlofsfé á einingar.

Laun eru við það miðuð að um fullt starf sé að ræða og þannig ákveðin að ekki komi til frekari greiðslna nema kjararáð úrskurði um það sérstaklega.

Um almenn starfskjör vegamálastjóra gilda reglur kjararáðs frá 30. maí 2007.

Guðrún Zoëga

Jónas Þór Guðmundsson

Rannveig Sigurðardóttir